

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála- starfsemi, 359. mál. Um er að ræða álagningu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2003.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja sérstaklega vekja athygli nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd á álitum samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármála- eftirlitsins sem fylgir frumvarpinu, merkt sem fylgiskjal II. Eins og fram kemur í álitinu telur samráðsnefndin miður að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið ástæðu til að taka tillit til ábendinga nefndarinnar varðandi einstaka rekstrarliði áætlunarinnar nema að því leyti að lækka smávegis póstkostnað stofnunarinnar.

Landssamtök lífeyrissjóða taka undir öll sjónarmið samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila og telja það umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að Fjármálaeftirlitið skuli ár eftir ár láta hjá líðast að taka tillit til málefnanlegrar gagnrýni eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun stofnun-arinnar.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

